

Almennar upplýsingar:

Nafn Framkvæmdasýsla Ríkisins

Erindi nr. P-2020-10-13-0149

Kennitala 5103912259

Heimilisfang Borgartúni 7a

Póstnúmer 105

Símanúmer 5698900

Netfang fsr@fsr.is

Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) Friðrik Ó. Friðriksson

Netfang tengiliðs fridrik.f@fsr.is

Greiðanda kenitala 5103912259

Greiðanda nafn Framkvæmdasýsla ríkisins

Greiðanda netfang fsr@fsr.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Lækjargata 1

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Ekki til deiliskipulag

Erindið fjallar um Deiliskipulag

Stutt lýsing á erindi

FSR, fh. forsætisráðuneytisins, sækir um heimild til gerðar deiliskipulags á lóð forsætisráðuneytisins, Lækjargötu 1, vegna áforma um nýbyggingu fyrir ráðuneytið á lóðinni, sem tengist Stjórnarráðshúsinu, sbr. samkeppnislýsingu og vinningstillögu hönnunarsamkeppni frá 2018. Sjá meðsend fylgiskjöl.

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn 2 þar sem við á

Bréf til umsækjanda/hönnuðar

Lýsandi nafn
skjals
20201004-Fylgibref-umsoknar-um-gerd-deiliskipulags.pdf

Mæliblað

Lýsandi nafn Mbl-1_170_0.pdf
skjals

Önnur gögn

Lýsandi nafn 20201014-Umbod-til-FSR-gerd-DS.pdf
skjals

Lýsandi nafn 2018-FOR-Vinningstillaga-KP.pdf
skjals

Já, haft verið samband við veitufyrirtæki
Veitur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu

-

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík
Björn Axelsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 14. október 2020

Efni: Fylgibréf með umsókn um heimild til gerðar deiliskipulags á lóð Lækjargötu 1, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) fyrir hönd forsætisráðuneytis (FOR) og Ríkissjóðs Íslands sækir um heimild til gerðar deiliskipulags fyrir lóðina Lækjargötu 1, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi FOR. Deiliskipulagið verður unnið í samræmi við lýsingu hönnunarsamkeppni um verkefnið (sem Reykjavíkurborg kom að undirbúningsvinnu um) og vinningstillögu Kurt & Pí arkitekta frá árinu 2018.

Vegna áforma um viðbyggingu var gerð krafa um fornleifauppgröft á lóðinni áður enn uppbygging hæfist. Fornleifauppgræftri í samvinnu við Minjastofnun Íslands er að ljúka á lóðinni. Sem hluta af því verkefni var aflað byggingarleyfis fyrir rífi stakstæðs bakhúss á lóðinni. Heimild Minjastofnunar Íslands lá fyrir við þá umsókn. Rífi bakhússins er lokið.

Í samræmi við vinningstillögu Kurt & Pí arkitekta (KP) er um að ræða tveggja hæða viðbyggingu með niðurgrofnum kjallara, sem tengist Stjórnarráðshúsi með tengigangi. Við endurmat á verkefninu er áformað byggingarmagn á lóð og fjöldi hæða húshluta:

- Núverandi friðað Stjórnarráðshús, 2 hæðir og ris, 512 m² brúttó.
- Viðbygging og tengigangur, 2 hæðir og kjallari, um 1500 m² brúttó.

Byggingarheimildir og aðrir skipulagsþættir verða nánar útfærðir við gerð deiliskipulagsins.

Markmið og forsendur samkeppnislýsingar 2018 voru neðangreindar:

3.2 Markmið

Meginmarkmið samkeppninnar eru:

- Að fá fram bestu mögulegu lausn á viðbyggingu aftan við Stjórnarráðshúsið svo unnt sé að nýta hina sögulegu byggingu áfram sem aðsetur forsætisráðuneytis, fundarstað ríkisstjórnar Íslands og ráðherranefnda.
- Að viðbyggingin sé hófstíllt í mælikvarða og myndi viðeigandi bakgrunn við Stjórnarráðshúsið sem halda mun stöðu sinni sem ásýnd forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins í miðbænum. Útlitshönnun hússins þarf að tryggja gott samræmi á milli framhúss og viðbyggingar.
- Að viðbyggingin taki ríkt tillit til Stjórnarráðshússins hvað varðar umfang, hæð, form, og efnisval. Byggingin skal taka tillit til yfirbragðs og hlutfalla nálægra bygginga á reitnum. Varðveita ber mikilvæga stöðu Stjórnarráðshússins í götumynd Lækjargötu og tryggja óskerta ásýnd að því frá mikilvægum sjónarhornum.
- Að viðbyggingin endurspegli vandaða byggingarlist sem hæfir virðulegu hlutverki hússins og sögulegu mikilvægi staðarins. Vísað er til stefnu íslenskra stjórnvalda í ritinu *Menningarstefna í mannvirkjagerð*, sjá tilvisun í grein 2.6 *Samkeppnisgögn*.
- Að vistvæn hönnun og velliðan notenda verði í fyrirrúmi. Að viðbyggingin verði hönnuð með tilliti til hagkvæmni í rekstri, umhverfissjónarmiða og sjálfbærni. Stefnt er að umhverfisvottun og útreikningum vistferliskostnaðar (life cycle cost) við fullnaðarhönnun byggingarinnar í samræmi við viðurkennda umhverfisstaðla, sjá nánar grein 3.10 *Umhverfismál*.

- Að tryggð verði góð og greið innbyrðis tengsl.
- Að aðkoma akandi og gangandi að viðbyggingunni sé aðlaðandi og taki tillit til hlutverks hússins, landmótunar á lóð og tengsla við nánasta umhverfi. Ennfremur að fyrirkomulag í nýjum aðalinnangi sé vel leyst.
- Að viðbyggingin bjóði upp á gott starfsumhverfi, sveigjanleika í nýtingu og sé hagkvæm í rekstri.

3.3 Keppnissvæðið


Keppnissvæðið er austan megin við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu 1. Það er í 8 metra fjarlægð frá austurhlíð gamla hússins og nær út að lóðarmörkum að Hverfisgötu og Bankastræti og til austurs að Hverfisgötu 4-6, Hverfisgötu 4a og 6a og Bankastræti 3, sjá mynd í fylgiskjali B Samkeppnisreitur, afmörkun.



Keppnissvæðið, fylgiskjal B.

Keppendur geta einnig kynnt sér svæðið úr lofti með því að skoða yfirflugsmyndir á myndböndum A og B, sjá fylgiskjal K, sem gerð voru vegna skipulagssamkeppni á Stjórnarráðsreit.

Vinningstillaga Kurt & Pí er fylgiskjal umsóknar.
Rífið stakstætt bakhús er sýnt gullitað á mynd.



F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Friðrik Ó. Friðriksson,
verkefnastjóri fagsviðs þróunar eigna og aðstöðu / arkitekt FAÍ


Viðhengi umsóknar:

1. Umboð FOR til FSR um að sækja um heimild til gerðar og vinnslu deiliskipulags.
2. Mæliblað lóðarinnar
3. Vinningstillaga Kurt & Pí arkitekta


DEILISKIPULAG FYRIR LÆKJARGÖTU 1 - FORSÆTISRÁÐUNEYTI ÍSLANDS




DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR, MKV. 1:500




SKÝRINGARMYND




SKUGGAVARP, 21. JÚNÍ 10:00




SKUGGAVARP, 21. JÚNÍ 13:30




SKUGGAVARP, 21. JÚNÍ 18:00




SKUGGAVARP, 21. SEPTEMBER 10:00




SKUGGAVARP, 21. SEPTEMBER 13:30




SKUGGAVARP, 21. SEPTEMBER 18:00




ÁSÝND AÐ HVERFISGÖTU, MKV. 1:500



ÁSÝND AÐ BANKASTRÆTI, MKV. 1:500



SNEIÐING A, MKV. 1:500



SKÝRINGARMYND

INNGANGUR

Deiliskipulag þetta fjallar um lóðina Lækjargötu 1 (L101319, stgr. 0-1-1170001). Ekki er fyrir hendi gildandi deiliskipulag af lóðinni.

AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lóðarmörkum Lækjargötu 1 sem er á götuleit milli Lækjargötu, Hverfisgötu, Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið skilgreint sem Miðborgarsvæði (M1a, Miðborgarkjarni), þar sem m.a. er að finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta. Afmörkun deiliskipulagsins helgast af sérstöðu lóðarinnar innan götuleitsins. Lækjargata 1 er aðsetur forsætisráðuneytis og ríkisstjórnar Íslands. Sú starfsemi er algenglega ólík annari starfsemi sem fyrir finnst innan götuleitsins. Ráðgert er að götuleitirinn verði deiliskipulagður í áföngum og er þetta deiliskipulag fyrsti áfangi þeirrar vinnu. Vegna krafna um varnir og öryggi eru sérstök ákvæði varðandi frágang á lóðarmörkum og aðkomu að byggingum tiltekin í deiliskipulaginu sem undirstrika sérstöðu Stjórnarráðsins í borginni. Stjórnarráðshúsið sjálft, sem er í hjarta skipulagssvæðisins nýtur sérstakrar stöðu á allan hátt, hvort sem lítið er til menningarsögulegs gildis þess, þeirrar starfsemi sem það hýsir eða einstakrar stöðu sem ein af lykilbyggingum Reykjavíkur og landsins alls.

LÝSING SVÆÐIS, NÚVERANDI ÁSTAND

Á lóðinni stendur eitt hús, Stjórnarráðshúsið, sem byggt var á árunum 1765-1771. Upprunalegar teikningar af húsinu hafa ekki varðveist en fullvist er talið að arkitekt byggingarinnar hafi verið Georg David Anthon (1714-1781) hirðhúsameistari í Kaupmannahöfn og kennari við Listaakademíuna þar. Húsið var fríðað í B flokki af menntamálaráðherra 14. desember 1973 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969 og 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Húsið var upphaflega byggt sem tugthús en hefur hýst Stjórnarráð Íslands frá árinu 1904. Framan við Stjórnarráðshúsið eru tvær stytur eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Önnur er af Kristjáni IX, frá árinu 1911, en hin er af Hannesi Hafstein, frá árinu 1931. Stytan af Hannesi Hafstein stendur á stópi frá 1915 sem áður var undir stytta af Jóni Sigurðssyni, áður en hún var færð á Austurvöll. Báðir stóplarir hafa því náð 100 ára aldri og þeir fríðaðir skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarmínjarr. 80/2012. Höfundur stópsuls undir stytta af Hannesi Hafstein er Einar Jónsson en höfundar að stópi undir stytta af Kristjáni IX er ókunnur. Skrifstofa forseta Íslands var í húsinu 1973 til 1996. Í dag er forsætisráðuneytið til húsa í húsinu auk þess sem þar er að finna aðalfundarstað ríkisstjórnar Íslands. Húsið stendur í grónum garði sem afmarkast á lóðarmörkum með hlöðnum steinkanti til norðurs og vesturs en járn grindverk, milli steyptra stópla, til suðurs, meðfram Bankastræti. Aðkoma að húsinu er frá Lækjargötu, þar sem er að finna bílastæði meðfram götu. Að auki eru bílastæði í norðaustur horni lóðarinnar, með aðkomu frá Hverfisgötu.

FORNLEIFAR

Húsakönnun og skráning menningarmínja; fornleifa, húsa og mannvirkja á svæðinu, sem samkvæmt lögum skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi liggur fyrir í: Húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 82/2001, *Bernhöftstofta og nágrenni* Fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 186/2017, *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins* Fornleifagöðrufur og rannsóknir hafa þegar farið fram á lóðinni og liggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir í: Fornleifarannsókn, nr. 201907-0096, Stjórnarráðsreitur, Framkvæmdauppgöfurfur við Stjórnarráðshúsið 2019-2020 Við rannsóknirnar fundust ekki fornleifar sem áhrif hafa á fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Árið 2018 var efnt til samkeppni, í samstarfi við Arkitektfélag Íslands, um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið. Áður en til samkeppinnar kom var búið að eiga sér stað viðtækt samráð um skipulagsþætti á lóðinni. Alls bárust 30 tillögur í samkeppnina sem voru allar teknar til dóms og hlaut tillaga arkitektastofunnar Kurt og Pí 1. verðlaun. Sú tillaga er grundvöllur þessa deiliskipulags, sem gerir ráð fyrir nýbyggingu á austurhluta lóðarinnar sem tengist Stjórnarráðshúsi með tengingang. Aðaladkomu að Stjórnarráðinu er breytt þannig að hún færist frá Lækjargötu að Hverfisgötu. Gert er ráð fyrir girðingum á lóðarmörkum og umferðarstýringu á aðkomusvæði (við lóðarmörk).

STARFSEMI

Gert er ráð fyrir óbreyttari starfsemi á lóðinni og munu byggingarnar hýsa forsætisráðuneyti Íslands.

BYGGINGAR

Nýbyggingin er á tveimur hæðum auk kjallara, m.a. með bilageymslu. Nýr aðalinnangangur forsætisráðuneytis er í nýbyggingunni og framan við hann er skyggni með súlum í frambrún. Nýbyggingin tengist Stjórnarráðshúsinu með einnar hæðar tengingangi. Heimilt er að fjarlægja seinni tíma útbýggingu á austurhlíð Stjórnarráðshúss. Byggingarreitur nýbyggingar er skilgreindur bæði í grunnmynd og sneiðingum og skal byggingin rúmast innan hans. Einstaka byggingarhlutar, s.s. kantar og brúnir, mega standa tilillega út fyrir byggingarreit. Tæknibúnaður s.s. loftræsting og lyftustokkur má standa allt að 1,5 metra upp fyrir hámarkshæðarkóta. Heimilt er að reisa hjólaakylki utan byggingarreits.

AÐKOMA

Ný aðkoma að forsætisráðuneytinu snýr að Hverfisgötu. Þar er aðkoma bæði gangandi og akandi umferðar, sem og vörumóttaka og aðkoma að bilageymslu í kjallara. Engin langtíma bílastæði eru á lóðinni en á aðkomusvæði eru fjögur sleppistæði og skammtíma hjólastæði. Þrjú bílastæði eru í kjallara sem og stæði fyrir hjól og rafskutur. Önnur bílastæði forsætisráðuneytis eru í blakjallara ráðuneyta á Stjórnarráðsreit.

GIRÐINGAR

Heimilt er að reisa girðingar á lóðarmörkum í anda þeirra girðinga sem fyrir eru. Hæð girðinga er 1,8 - 2,0m., mælt frá yfirborði gangstéttar. Staðsetning hliða er óbreytt. Við aðkomusvæði er gert ráð fyrir steinhlöðnum gróðurbeðum og umferðarstýringum (felliðstópm) á lóðarmörkum.

UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana (102/2006) Hins vegar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum deiliskipulagsins í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áætla má að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á svæðinu hafi í för með sér jákvæð umhverfisleg áhrif sem helgast fyrst og fremst af því að heildaryfirbragð svæðisins styrkist og umgirdið og staða Stjórnarráðshússins sem lykilbyggingar í borgarlandslaginu er undirstrikuð. Þá er aðgengi bætt með nýrri aðkomu. Neiðkvæð umhverfisáhrif eru möguleg á framkvæmdatímanum, vegna þess rasks og ónáðis sem þá verður, s.s. hávaði, þungaumferð og möguleg svifríksmengun vegna óvarins jarðvegs. Gripa þarf til viðeigandi mótvægisáðgerða á framkvæmdatímanum vegna þessa

STÆRDATAFLA

NÚVERANDI ÁSTAND						
staðgr.	heiti	löö [m²]	bygg.m ofan]. [m²]	bygg.m með kj. [m²]	n.hl. ofan]. m.kj.	n.hl. athugasemdir
0-11-1170001	Lækjargata 1	2.610,2	592,0	592,0	0,263	0,23
BYGGINGARHEIMILDIR skv. TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGI						
staðgr.	heiti	löö [m²]	ofan]. [m²]	bygg.m með kj. [m²]	n.hl. ofan]. m.kj.	n.hl. athugasemdir
0-11-1170001	Lækjargata 1	2.610,2	1850,0	2550,0	0,71	0,98
	-þar af nýbygging		1258,0	700,0		



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010 - 2030

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulags
- Núverandi bygging
- Nýr byggingarreitur
- Girðing á lóðarmörkum
- Aðkomustýring
- Byggingarreitur fyrir skyggni
- Heimild til niðurrifs
- Lóðastærð
- Hæð húsa, kjallari, ris

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á _____ þann _____ 20 ____.

Tillagan var auglýst frá _____ 20 ____ með athugasemdafresti til _____ 20 ____.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 ____.

Skólavörðustígur 2
101 Reykjavík / Iceland
www.kurtogpi.is

T: (354) 552 0252
F: (354) 552 9252
info@kurtogpi.is

Ásmundur H. Sturluson
Arkitekt FAI

Kt. 280765 2959
asmundur@kurtogpi .is

Steinþór Kári Kásson
Arkitekt EPFL-FAI

Kt. 160867 5319
steinthor@kurtogpi .is

Web:
Lækjargata 1 - Stjórnarráð Íslands

Telling:
Deiliskipulag

Umsótt:
GS/SKK

Mælikvæði:
1:500 @A1

Númer:
243_S_001

Dag:
31.03.2021

Utgáfa:
Skipulag

Breyting:
-

kurtogpi